



Alþingi
Erindi nr. þ 132/14
Reykjavík, 7. nóvemberdagur 9.11.2005

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga breytingu á lögum um úrvinnslugjald

Með bréfi dags 26. október 2005 óskar Umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn félagsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, 179. mál 132. löggjafarþings.

Um er að ræða breytingu á ýmsum atriðum sem ekki varða rekstur félagsins, nema hvað varðar 2. grein frumvarpsins þar sem fjallað er um endurgreiðslu á úrvinnslugjaldi vegna útflutnings og tæknibreyting í framhaldi í 3. grein frumvarpsins.

Félagið fagnar því að innheimta og umsýsla opinberra gjalda sé einfölduð með þeim hætti sem lagt er til og telur eðlilegt að öll umsýsla innheimtu og endurgreiðslu sé á sömu hendi, þ.e. innheimtumanna ríkissjóðs.

Í 1. mgr má misskilja orðalag, þótt greinargerðin taki reyndar af allan vafa um hvað átt sé við, en hægt er að skilja greinina þannig að sækja þurfi um endurgreiðslu á því tímabili sem úrvinnslugjaldið sé greitt fyrir viðkomandi vöru. Leggur félagið því til að setningunni

“Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga úrvinnslugjalds. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi úrvinnslugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt.”

verði breytt þannig að hún hljóði

“Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir reglubundinn gjalddaga úrvinnslugjalds. Endurgreiðsla skal fara fram á reglubundnum gjalddaga, enda hafi úrvinnslugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt.”

Að öðru leyti gerir félagið ekki athugasemdir við frumvarpið og fagnar því.

Virðingarfyllst
f.h. Olíudreifingar ehf.,

Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Olíudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999